



Fréttatilkynning frá
Skrifstofu forseta Íslands

FUNDUR Á BESSASTÖÐUM UM FORVARNIR GEGN FÍKNIEFNUM

Á morgun, föstudaginn 25. maí 2007 kl. 11:00, verður fundur á Bessastöðum um forvarnir gegn fíkniefnum þar sem annars vegar verða kynntar niðurstöður úr evrópskri samanburðarrannsókn um þetta efni og hins vegar greint frá athyglisverðri hugmyndavinnu íslenskra ungmenna á forvarnardeginum í september í fyrra.

Evrópska samanburðarrannsóknin bendir til að Íslendingar hafi náð umtalsverðum árangri í forvörnum á síðustu árum, og mun dr. Inga Dóra Sigfúsdóttir deildarforseti við Háskólann í Reykjavík greina frá henni.

Gögn sem nemendur lögðu til með hugmyndavinnu sinni á forvarnardeginum í fyrra sýna að þeir hafa meðal annars hug á aukinni fjölbreytni í framboði íþróttafélaga. Einnig leggja ungmennin áherslu á samveru með foreldrum og benda á atriði sem geta dregið úr þátttöku ungs fólks í íþróttastarfi. Það er Álfgeir Kristjánsson aðjúnkt sem segir frá þessu efni.

Forseti Íslands mun ávarpa fundinn, og auk þess taka til máls Róbert Wessman, forstjóri Actavis en fyrirtækið er helsti bakhjarl þessara forvarnarverkefna, og Jórunn Frímansdóttir, formaður Velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

Fjölmiðlum er boðið að senda fulltrúa sína á fundinn til að kynnst þeim athyglisverðu niðurstöðum um árangur í baráttu gegn fíkniefnum sem þar verða lagðar fram. Fundurinn mun standa í um klukkutíma.

24. maí 2007

Nánari upplýsingar veita Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og skrifstofa forseta Íslands (540 4400).